

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1107

Dagsetning: 7. apríl 2026 klukkan 9:00

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 24. mars 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Farið var yfir erindi frá heilbrigðisráðuneytinu með fyrirspurn um hlutverk HH tengt viðbrögðum við ofbeldi. Óskað verður eftir upplýsingum frá Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu tengt fyrirspurninni og erindinu svarað.

4. Nýtt skipurit

Rætt var um vinnu við nýtt skipurit HH og hugmynd um að stofna formlega einingu sem fengi heitið skrifstofa forstjóra. Rætt var um hvernig slík eining gæti virkað, hvaða sérfræðingar og verkefni gætu átt heima þar. Málið verður til umfjöllunar áfram samhliða stefnumótunarvinnu.

5. Geðlæknaráðgjöf á HSN

Fjallað var um samstarf HH við Heilbrigðisstofnun Norðurlands um þjónustu geðlækna.

6. Innrennslismiðstöð

Rætt var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um að HH taki að sér að setja á laggirnar innrennslismiðstöð. Málið verður skoðað áfram.

7. HTÍ

Rætt var um yfirfærslu Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands til HH og hvaða nafn einingin muni fá innan HH. Meðal hugmynda að nýju heiti var Heyrnar- og talmeinstöð, sem er í samræmi við nöfn annarra eininga innan HH sem starfa á landsvísu.

8. Húsnæðismál

Farið var yfir drög að erindi til heilbrigðisráðuneytisins um að farið verði í þarfagreiningu fyrir nýjar höfuðstöðvar HH. Óskað verður eftir því að farið verði í þarfagreiningu fyrir húsnæði sem gæti hýst alla starfsemi HH aðra en heilsugæslustöðvar.

9. Fagráð HH

Rætt var um hugmyndir um að stofna nokkur sérhæfð fagráð hjá HH.

Aðgerðir og verkefni

- Óska þarf eftir upplýsingum frá ÞÍH, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM
- Ræða þarf við geðlækni hjá HH um þjónustu við HSN, sjá lið 5.
Ábyrgð: ÍDH
- Funda þarf með starfsfólki HTÍ um yfirfærslu til HH, sjá lið 7.
Ábyrgð: SDM, KBM
- Senda þarf erindi um þarfagreiningu vegna húsnæðismála HH til heilbrigðisráðuneytisins, sjá lið 8.
Ábyrgð: HÞ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00.